

6. gr.

80

Hjæraðslæknar og aukalæknar eiga að hafa bók, sem þeir rita í nöfn og aldur allra þeirra, sem bólusettir eru eða endurbólusettir af þeim eða aðstoðar-bólusetjurum þeirra, sem og hvort bólan hafi komið út eða ekki.

7. gr.

Hjæraðslæknar og aukalæknar eru skyldir til að tilgreina í skýrslum sínum til landlæknis um heilbrigðisástandið í hjerudum þeirra, hve margi þeir eða aðstoðarbólusetjarar þeirra hafi bólusett eða endurbólusett það ár, og hve margir af þeim hafi verið karlar og hve margar konur.

Landlæknir lætur læknunum í tje eyðublöð undir bólusetningarvottorð, þegar þeir fara þess á leit.

8. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi sama dag sem lög um bólusetningar 26. febrúar 1898.

Reykjavík 5. september 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

A

Kúabólusetningarvottorð.

N. N.

fæddur (fædd) á (i) . . . og til heimilis á (i) . . . ára gamall (gömul) er bólusettur (bólusett) af mjer undirrituðum árið . . . hinn . . .

Við nákvæma skoðun eptir á milli 7. og 9. dags hef jeg fundið öll einkenni hinnar rjettu kúabólu, þar sem bólurnar voru fylltar tærum vessa, höfðu laut í miðju og rauður hringur í kring.

B

Endurkúabólusetningarvottorð.

N. N.

. ára gamall (gömul) er endurkúabólusettur af undirskrifuðum árið . . . hinn . . .

Reglugjörð

handa holdsveikraspítalanum í Laugarnesi.

1. gr.

Í lögum 4. febr. 1898, um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, 4. grein, og lögum 4. febr. 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og flutning þeirra á opinberan kostnað, 7. og 8. gr., er gjörð grein fyrir því, hverjir holdsveikra manna skuli njóta vistar á þessum spítala.

81

2. gr.

Umsóknir um inntöku holdsveikra manna í spítalann skulu stílaðar til spítalalæknisins. Þær skulu sendar hlutadeigandi hjerads- eða aukalækni, hann ritar á þær álit sitt og sendir þær síðan til spítalalæknisins. Þá er beðið er um inntöku fyrir holdsveikan mann samkvæmt síðarnefndum lögum 4. febr. 1898, 7. og 8. gr., skal hlutadeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða oddviti hennar semja umsóknina; annars semur sjúklingurinn umsóknina sjálfur, eða forráðamenn hans, ef hann er ekki fullveðja. Í umsókninni skal standa fullum stöfum skírarnafn hins holdsveika og föðurheiti, aldur, fæðingarstaður og heimili, sje sjúklingurinn fulltíða, skal þess getið, hvort hann er giftur og hvort hann á börn. Auk þess skal, að svo miklu leyti, sem unnt er, gjöra grein fyrir því í umsókninni, hvort holdsveiki sjúklingsins er hnútótt eða sljett og á hvaða stigi hún er; þá skal þess getið, hvort sjúklingur hefir, eða áður hefir haft nokkurs konar geðveiki, og að lokum, hvort nokkrar sjerstakar ástæður mæli með eða móti inntöku hans á spítalann.

3. gr.

Allir holdsveikir menn, sem látnir eru á spítalann, njóta þar ókeypis hjúkrunar.

4. gr.

Hver holdsveikur maður skal hafa með sjer tvennan sæmilegan alfatnað, þegar hann kemur í spítalann, þar með talinn nærfatnaður. Ef sjúklingurinn deyr í spítalanum, eignast spítalinn fót hans. Ef eitthvað vantar í fatnað hins holdsveika, þegar hann kemur, eða áliti ráðsmaður eitthvað af honum miður nýtilegt, þá ber að útvega það, sem á vantar, á kostnað þess, er sótti um inntöku fyrir sjúklinginn.

5. gr.

Enginn af þjónustufólki spítalans má heimta eða þiggja gjafir af spítalansjúklingunum og ekki án leyfis ráðsmannsins veita aðkomumönnum næturgistingu í húsum spítalans.

6. gr.

Holdsveika fólkinu, er heimili á í spítalanum, skal gefinn kostur á að vinna ýmsa vinnu eptir því, sem ástæður leyfa, og til þykir hlýða. Ágóðanum af vinnunni skal, að frádregnum kostnaði, verja þannig, að þeir, sem unnið hafa, fái $\frac{4}{5}$, hver eptir því, sem hann hefur unnið, en $\frac{1}{5}$ sje skipt jafnt milli þeirra holdsveikra manna í spítalanum, sem enga vinnu geta unnið. Þessu fje er sjúklingunum frjálst að verja eptir vild sinni á nytsaman eða saklausan hátt.

7. gr.

Hinir holdsveiku skulu vera friðsamir og siðsamir og hlýðnir við yfirmenn og þjónustutólk spítalans. Þeim er skylt að hjálpa til við öll innanhússtörf án endurgjalds, en læknirinn skiftir þeim störfum milli þeirra, og skulu þeir yfirleitt hegða sjer eptir heimilisbodoðum spítalans.

8. gr.

81

Nú þykist einhver hinna holdsveiku verða fyrir röngu af hendi annars sjúklings eða einhvers af þjónustufólki spítalans. Er honum þá frjálst að leggja mál sitt undir úrskurð læknisins eða yfirstjórnar spítalans.

9. gr.

Nú verður einhver hinna holdsveiku sekur um óhlýðni, illyrði eða aðra óknyttil, getur þá læknirinn dregið af mat hans og bannað honum að fara út fyrir dyr um stundarsakir.

10. gr.

Hver sá holdsveikur maður, sem tekinn hefir verið í spítalann, má ekki þaðan fara án leyfis yfirstjórnarinnar.

Reykjavík, 10. septbr. 1898

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Heimilisbodoð

handa holdsveikraspítalanum í Laugarnesi

1. gr.

82

Hinir holdsveiku skulu vera komnir á fætur og hafa þvegið sjer í síðasta lagi kl. 7 á sumrum og kl. 8 á veturnum. Læknirinn kveður jafnan á um, hverjir lasleika vegna megi vera undan þegnir þessari skipun.

2. gr.

Hinir holdsveiku skulu jafnan mæta í borðstofunum á hinum tilteknu matmálistímum og án þess að vekja hávaða; læknirinn kveður á um, hverjir skuli vera undanþegnir því, að sækja máltíðir sínar þangað. Án leyfis ráðsmannsins má enginn hafa mat með sér út úr borðstofunum, né heldur geyma af mat sínum til næstu máltíðar.

Hinir holdsveiku mega ekki hafa matabýtti innbyrðis eða við aðra útifrá.

3. gr.

Þessir eru matmálistímar:

Morgunverður:	á sumrum	kl. 7 ¹ / ₂ árdegis
	á veturnum	kl. 8 ¹ / ₂ árdegis
Miðdegisverður	kl. 12 ¹ / ₂ síðdegis
Kveldverður:	á sumrum	kl. 7 ¹ / ₂ síðdegis
	á veturnum	kl. 7 síðdegis